

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1235/2008

2017/EES/24/07

frá 8. desember 2008

um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 33. gr., d-lið 38. gr. og 40. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 32. og 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 er mælt fyrir um almenn ákvæði vegna innflutnings á lífrænum vörum. Með það fyrir augum að tryggja rétta og samræmda beitingu þessara ákvæða skal mælt fyrir um ítarlegar reglur og málsmeðferðarreglur varðandi beitingu þessara ákvæða.
- 2) Þar sem veruleg reynsla hefur fengist allt frá árinu 1992 að því er varðar innflutning vara þar sem lagðar eru fram jafngildar tryggingar skal veita eftirlitsaðilum og eftirlitsyfirvöldum tiltölulega skamman tíma til að óska eftir að verða færð á skrána yfir jafngildi skv. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007. Hins vegar skal veita eftirlitsaðilum og eftirlitsyfirvöldum, sem óska eftir að verða færð á skrána yfir samræmi skv. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, lengri tíma þar sem engin reynsla er af beinni beitingu á reglum Bandalagsins um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara utan yfirráðasvæðis Bandalagsins. Því skal veita lengri frest til að leggja fram þessar beiðnir og fyrir meðferð þeirra.
- 3) Viðkomandi rekstraraðilar verða að geta lagt fram skrifleg sönnunargögn að því er varðar vörur sem fluttar eru inn skv. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007. Nauðsynlegt er að koma á fyrirmynd að þessum skriflegu sönnunargögnum. Afurðir, sem eru fluttar inn skv. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, skulu falla undir skoðunarvottorð. Nauðsynlegt er að mæla fyrir um ítarlegar reglur að því er varðar útgáfu slíks skoðunarvottorðs. Auk þess skal mæla fyrir um málsmeðferð til

að samræma á vettvangi Bandalagsins tiltekið eftirlit með vörum sem fluttar eru inn frá þriðju löndum og ætlunin er að markaðssetja innan Bandalagsins sem lífræna framleiðslu.

- 4) Argentína, Ástralía, Kostaríka, Indland, Ísrael, Nýja-Sjáland og Sviss voru áður skráð sem þriðju lönd þaðan sem heimilt er að markaðssetja innfluttar vörur sem lífræna framleiðslu innan Bandalagsins, samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 345/2008 frá 17. apríl 2008 um nákvæmar reglur um innflutning frá þriðju löndum sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ⁽²⁾. Framkvæmdastjórnin hefur endurskoðað stöðu þessara landa samkvæmt viðmiðunum, sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 834/2007, með tilliti til gildandi framleiðslureglna og þeirrar reynslu sem fengist hefur af innflutningi lífrænna vara frá þessum þriðju löndum sem áður voru skráð skv. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2092/2091. Á grundvelli þessa er niðurstaðan sú að Argentína, Ástralía, Kostaríka, Indland, Ísrael og Nýja-Sjáland uppfylli skilyrðin til að vera færð á skrána yfir jafngild þriðju lönd skv. 1. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.
- 5) Evrópubandalagið og Ríkjasambandið Sviss hafa gert samning um viðskipti með landbúnaðarafurðir ⁽³⁾ sem samþykktur var með ákvörðun ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar 2002/309/EB ⁽⁴⁾. Ákvæði 9. viðauka við þann samning gilda um lífrænt ræktaðar landbúnaðarafurðir og matvæli og þar er tilgreint að aðilar hans verði að grípa til nauðsynlegra ráðstafana svo að unnt sé að flytja inn og setja á markað lífrænar vörur sem eru í samræmi við lög og reglugerðir hins aðilans. Til glöggvunar skal einnig bæta Sviss á skrána yfir jafngild þriðju lönd skv. 1. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.
- 6) Yfirvöld aðildarríkjanna hafa öðlast mikilvæga reynslu og sérþekkingu þegar kemur að því að veita lífrænum innflutningsvörum aðgang að yfirráðasvæði Bandalagsins. Til að koma á og halda skrár yfir þriðju lönd, eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld skal styðjast við þessa reynslu og framkvæmdastjórnin á að geta tekið til greina skýrslur frá aðildarríkjunum og öðrum sérfræðingum. Þeim verkefnum, sem þetta kallar á, skal úthlutað með sanngjörnum hætti og í réttu hlutfalli.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtuð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtuð. ESB L 108, 18.4.2008, bls. 8.

⁽³⁾ Stjtuð. EB L 114, 30.4.2002, bls. 132.

⁽⁴⁾ Stjtuð. EB L 114, 30.4.2002, bls. 1.

- 7) Einnig skal kveða á um umbreytingarráðstafanir sem gilda um umsóknir þriðju landa sem framkvæmdastjórnin hefur mótttekið fyrir 1. janúar 2009, gildistöku-dagsetningu reglugerðar (EB) nr. 834/2007.
- 8) Til að raska ekki alþjóðaviðskiptum og til að auðvelda umskiptin á milli þeirra reglna sem komið var á með reglugerð (EBE) nr. 2092/2091 og þeirra sem komið var á með reglugerð (EB) nr. 834/2007 er nauðsynlegt að bjóða aðildarríkjunum áfram upp á þann kost að heimila innflytjendum í hverju tilviki fyrir sig að setja vörur á markað í Bandalaginu þar til gerðar hafa verið nauðsynlegar ráðstafanir til innleiðingar nýrra innflutningsreglna, einkum að því er varðar viðurkenningu á þeim eftirlitsaðilum og eftirlitsyfirvöldum sem um getur í 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007. Horfið skal frá þessum kosti í áföngum eftir því sem skráin yfir eftirlitsaðilana, sem um getur í greininni, er fullgerð.
- 9) Til að auka gagnsæi og tryggja beitingu þessarar reglugerðar skal gera ráð fyrir því að koma á fót rafrænu kerfi fyrir upplýsingaskipti á milli framkvæmdastjórnarinnar, aðildarríkjanna, þriðju landanna, eftirlitsaðilanna og eftirlitsyfirvaldanna.
- 10) Þær ítarlegu reglur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð koma í stað þeirra sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 345/2008 og í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 605/2008 frá 20. júní 2008 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd ákvæðanna er varða skoðunarvottorð vegna innflutnings frá þriðju löndum skv. 11. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ⁽¹⁾. Því skulu þessar reglugerðir felldar úr gildi og ný reglugerð koma í þeirra stað.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. BÁLKUR

INNGANGSÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ítarlegar reglur um innflutning vara sem uppfylla kröfur og innflutning vara þar

sem lagðar eru fram jafngildar tryggingar eins og kveðið er á um í 32. og 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „skoðunarvottorð“: skoðunarvottorðið sem um getur í d-lið 1. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og nær yfir eina vörusendingu,
2. „skriflegt sönnunargagn“: skjalið sem um getur í 68. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 ⁽²⁾ og í 6. gr. þessarar reglugerðar en fyrirmynd skjalsins er sett fram í II. viðauka við þessa reglugerð,
3. „vörusending“: magn vara samkvæmt einu eða fleiri númerum sameinuðu nafnaskrárinnar sem falla undir eitt skoðunarvottorð, eru fluttar með sama flutningatæki og fluttar inn frá sama þriðja landi,
4. „fyrsti viðtakandi“: sá einstaklingur eða lögaðili sem er skilgreindur í d-lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008,
5. „sannprófun vörusendingar“: sannprófun viðkomandi yfirvalda aðildarríkis á því að skoðunarvottorð uppfylli 13. gr. þessarar reglugerðar og, telji yfirvöldin það eiga við, að vörurnar standist kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 834/2007, í reglugerð (EB) nr. 889/2008 og í þessari reglugerð,
6. „viðkomandi yfirvöld aðildarríkja“: tollyfirvöld eða önnur yfirvöld sem aðildarríkin tilnefna,
7. „matsskýrsla“: matsskýrslan sem um getur í 2. mgr. 32. gr. og 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og er samantekt frá óháðum þriðja aðila sem uppfyllir kröfur ISO-staðals 17011 eða frá viðkomandi lögbæru yfirvaldi og skal innihalda upplýsingar um endurskoðun skjala, þ.m.t. þær lýsingar sem um getur í b-lið 3. mgr. 4. gr. og b-lið 3. mgr. 11. gr. þessarar reglugerðar, um skrifstofuúttektir, þ.m.t. mikilvæg svæði og um áhættumiðaðar vitnisúttektir sem eru framkvæmd í viðkomandi þriðju löndum.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 166, 27.6.2008, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1.

II. BÁLKUR

INNFLUTNINGUR VARA SEM UPPFYLLA KRÖFUR

1. KAFLI

Skrá yfir viðurkennda eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld að því er varðar samræmi

3. gr.

Samantekt og efni skrárinnar yfir viðurkennda eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld að því er varðar samræmi

1. Framkvæmdastjórnin skal gera skrá yfir viðurkennda eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld að því er varðar samræmi skv. 2. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007. Skrána skal birta í I. viðauka við þessa reglugerð. Í 4., 16. og 17. gr. þessarar reglugerðar eru skilgreindar þær málsmeðferðarreglur sem nota skal þegar skráin er samin og henni breytt. Skráin skal vera aðgengileg almenningi á Netinu í samræmi við 4. mgr. 16. gr. og 17. gr. þessarar reglugerðar.

2. Skráin skal innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar að því er varðar hvern eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvald til að hægt sé að sannprófa hvort þær vörur sem settar eru á markað í Bandalaginu hafi sætt eftirliti af hálfu eftirlitsaðila eða -yfirvalds sem hefur hlotið viðurkenningu í samræmi við 2. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, einkum eftirfarandi:

- a) heiti og heimilisfang eftirlitsaðilans eða eftirlitsyfirvaldsins, þ.m.t. tölvupóstfang, veffang og kenninúmer,
- b) þau þriðju lönd sem um er að ræða og þar sem vörurnar eiga uppruna sinn,
- c) vöruflokka sem um ræðir fyrir hvert þriðju landanna,
- d) hversu lengi færsla eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvalds á skránni gildir,
- e) veffangið þar sem er að finna skrá yfir rekstraraðila sem falla undir eftirlitskerfið, vottunarstöðu þeirra og þá vöruflokka sem um er að ræða, auk rekstraraðila og vara með tímabundna eða varanlega ógildingu vottunar.

4. gr.

Málsmeðferð vegna beiðna um færslu á skrá yfir viðurkennda eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld að því er varðar samræmi

1. Framkvæmdastjórnin skal taka til athugunar hvort viðurkenna skuli eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvald og bæta því á skrána, sem kveðið er á um í 3. gr., að móttækinni beiðni um

færslu á skrána frá fulltrúa viðkomandi eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvalds. Við samantekt fyrstu skrárinnar skal aðeins taka til greina fullgerðar beiðnir sem hafa borist fyrir 31. október 2011 og byggjast á fyrirmyndinni að umsókn sem framkvæmdastjórnin gerir aðgengilega í samræmi við 2. mgr. 17. gr. Að því er varðar næstu almanaksár verða aðeins teknar til greina fullgerðar beiðnir sem borist hafa fyrir 31. október ár hvert.

2. Eftirlitsaðilar og eftirlitsyfirvöld innan Bandalagsins eða þriðju landa geta lagt fram beiðnina.

3. Beiðnin skal felast í tæknilegum málskjölum með öllum nauðsynlegum upplýsingum til að framkvæmdastjórnin geti tryggt að allar lífrænar vörur sem ætlunin er að flytja út til Bandalagsins uppfylli þau skilyrði sem sett eru fram í 1. og 2. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, nánar tiltekið:

- a) yfirliti yfir starfsemi eftirlitsaðilans eða eftirlitsyfirvaldsins í því þriðja landi eða þriðju löndum sem um er að ræða, þar sem kemur fram áætlaður fjöldi hlutaðeigandi rekstraraðila og upplýsingar um áætlað eðli og magn þeirra landbúnaðarafurða og matvæla sem eiga uppruna sinn í viðkomandi þriðja landi eða þriðju löndum og eru ætluð til útflutnings til Bandalagsins samkvæmt þeim reglum sem settar eru fram í 1. og 2. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007,
- b) ítarlegri lýsingu á því hvernig II., III. og IV. bálkur reglugerðar (EB) nr. 834/2007, auk ákvæða reglugerðar (EB) nr. 889/2008, hafa komið til framkvæmda í þriðja landinu eða í hverju þeirra þriðju landa sem um ræðir,
- c) afriti af matsskýrslunni samkvæmt fjórðu undirgrein 2. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007:
 - i. sem sannar að geta eftirlitsaðilans eða eftirlitsyfirvaldsins til að fullnægja þeim skilyrðum sem sett eru fram í 1. og 2. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 hafi verið metin með fullnægjandi hætti,

ii. sem tryggir þá þætti sem um getur í 2., 3., 5., 6. og 12. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007,

iii. sem sér til þess að eftirlitsaðilinn eða eftirlitsyfirvaldið uppfylli þær eftirlitskröfur og varúðarráðstafanir sem settar eru fram í IV. bálki reglugerðar (EB) nr. 889/2008 og

- iv. staðfestir að viðkomandi aðili hafi hrundið eftirlitsstarfsemi sinni í framkvæmd með skilvirkum hætti samkvæmt þessum skilyrðum og kröfum,
- d) sönnun þess að eftirlitsaðilinn eða -yfirvaldið hafi gert yfirvöldum viðkomandi þriðja lands kunnugt um starfsemi sína og skuldbindi sig til að virða þau lagaskilyrði sem yfirvöld viðkomandi þriðja lands setja því,
- e) veffangi þar sem er að finna skrá yfir rekstraraðila sem falla undir eftirlitskerfið, auk tengiliðar þar sem auðvelt er að nálgast upplýsingar um vottunarstöðu þeirra, þá vöruflokka sem um ræðir, auk rekstraraðila og vörur með tímabundna eða varanlega ógildingu vottunar,
- f) skuldbindingu um að uppfylla ákvæði 5. gr. þessarar reglugerðar,
- g) hvers kyns öðrum upplýsingum sem eftirlitsaðilinn eða eftirlitsyfirvaldið eða framkvæmdastjórnin telur skipta máli.
4. Framkvæmdastjórninni er heimilt, þegar beiðni um færslu á skrána yfir eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvöld er tekin til athugunar, og einnig hvenær sem er að skráningu lokinni, að óska eftir hvers kyns frekari upplýsingum, þ.m.t. kynningu á einni eða fleiri vettvangsrannsóknarskýrslum frá óháðum sérfræðingum. Ef grunur leikur á frávikum er framkvæmdastjórninni auk þess heimilt, á grundvelli áhættumats, að fella sérfræðingum sem hún hefur sjálf tilnefnt að framkvæma vettvangsrannsókn.
5. Framkvæmdastjórnin skal meta hvort tæknilegu málskjölin sem um getur í 3. mgr. og upplýsingarnar sem um getur í 4. mgr. séu fullnægjandi og getur í kjölfarið ákveðið að viðurkenna eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvald og bæta þeim á skrána. Ákvörðunin skal tekin í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

5. gr.

Umsýsla og endurskoðun skrárinnar yfir viðurkennda eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld að því er varðar samræmi

1. Aðeins má bæta eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvaldi á skrána sem um getur í 3. gr. að uppfylltum eftirfarandi skuldbindingum:

- a) ef einhverjar breytingar verða á þeim ráðstöfunum, sem eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald grípur til, eftir að eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvaldi hefur verið bætt á skrána, skal sá eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald tilkynna framkvæmdastjórninni það og einnig skal tilkynna fram

kvæmdastjórninni um beiðni um að breyta upplýsingum að því er varðar eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvald sem um getur í 2. mgr. 3. gr.,

- b) eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald sem er að finna á skránni skal hafa aðgengilegar allar upplýsingar sem varða eftirlitsstarfsemina í þriðja landinu og afhenda þær um leið og þess er óskað og eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald skal veita sérfræðingum, sem framkvæmdastjórnin tilnefnir, aðgang að skrifstofum sínum og starfsstöðvum,
- c) fyrir 31. mars ár hvert skal eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald senda framkvæmdastjórninni hnitmiðaða ársskýrslu þar sem uppfærðar eru upplýsingarnar í tæknilegu málskjölnum sem um getur í 3. mgr. 4. gr. og í ársskýrslunni skal greint frá þeirri eftirlitsstarfsemi sem eftirlitsaðilinn eða eftirlitsyfirvaldið hefur annast í þriðju löndunum á næstliðnu ári, þeim niðurstöðum sem fengist hafa, frávikum og brotum sem komið hafa í ljós og ráðstöfunum til úrbóta, auk þess skal skýrslan innihalda nýjustu matsskýrsluna eða uppfærslu á henni, með upplýsingum um niðurstöður úr reglulegum vettvangsrannsóknum, -eftirliti og -endurmati til margra ára sem um getur í 2. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, og er framkvæmdastjórninni heimilt að óska eftir öllum öðrum upplýsingum sem hún telur nauðsynlegar,
- d) í ljósi þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni berast getur hún hvenær sem er breytt forskriftunum að því er varðar eftirlitsaðilann eða eftirlitsyfirvaldið og fellt færslu þess aðila eða yfirvalds á skrána, sem um getur í 3. gr., tímabundið úr gildi, einnig má taka svipaða ákvörðun þegar eftirlitsaðili eða -yfirvald hefur ekki afhent þær upplýsingar sem krafist er eða hefur ekki samþykkt vettvangsrannsókn,
- e) eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald skal hafa stöðugt uppfærða skrá yfir rekstraraðila og vörur sem hlotið hafa lífræna vottun aðgengilega hagsmunaaðilum á vefsetri á Netinu.

2. Ef eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald sendir ekki ársskýrsluna sem um getur í c-lið 1. mgr., hefur ekki aðgengilegar eða tilkynnir ekki allar upplýsingar sem varða tæknileg málskjöl, eftirlitskerfi eða uppfærða skrá þess yfir rekstraraðila og vörur sem hlotið hafa lífræna vottun, eða samþykkir ekki vettvangsrannsókn, sem framkvæmdastjórnin hefur óskað eftir, innan tímaramma sem framkvæmdastjórnin skal ákveða samkvæmt alvarleika vandamálsins og sem má almennt ekki vera skemmri en 30 dagar, má fella þann eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvald brott af skránni yfir eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld, í samræmi við þá málsmeðferð sem um getur í 2. mgr. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

Ef eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald grípur ekki til skjótra og viðeigandi aðgerða til úrbóta skal framkvæmdastjórnin fella færslu viðkomandi brott af skránni án tafar.

2. KAFLI

Skrifleg sönnunargögn sem krafist er vegna innflutnings vara sem uppfylla kröfur

6. gr.

Skrifleg sönnunargögn

1. Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. þessarar reglugerðar skulu þau skriflegu sönnunargögn, sem krafist er vegna innflutnings vara sem uppfylla kröfur og um getur í c-lið 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, byggjast á fyrirmyndinni sem sett er fram í II. viðauka við þessa reglugerð og innihalda a.m.k. alla þá þætti sem eru hluti af þeirri fyrirmynd.

2. Upprunalegu skriflegu sönnunargögnin skulu útbúin af eftirlitsyfirvaldi eða þeim eftirlitsaðila sem hefur verið falið að gefa út viðkomandi skjal samkvæmt ákvörðun sem um getur í 4. gr.

3. Yfirvald eða aðili sem gefur út hin skriflegu sönnunargögn skal fara eftir þeim reglum sem settar eru í samræmi við 2. mgr. 17. gr. og í fyrirmynd, athugasendum og leiðbeiningum sem framkvæmdastjórnin gerir aðgengilegar í gegnum tölvukerfið sem gerir rafræna miðlun á skjölum og upplýsingum mögulega og um getur í 1. mgr. 17. gr.

III. BÁLKUR

INNFLUTNINGUR VARA ÞAR SEM LAGÐAR ERU FRAM JAFNGILDAR TRYGGINGAR

1. KAFLI

Skrá yfir viðurkennd þriðju lönd

7. gr.

Samantekt og innihald skrárinnar yfir þriðju lönd

1. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skrá yfir viðurkennd þriðju lönd í samræmi við 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007. Skráin yfir viðurkennd lönd er sett fram í III. viðauka við þessa reglugerð. Í 8. og 16. gr. þessarar reglugerðar eru skilgreindar þær málsmeðferðarreglur sem nota skal þegar skráin er samin og henni breytt. Breytingar á skránni skulu gerðar aðgengilegar almenningi á Netinu í samræmi við 4. mgr. 16. gr. og 17. gr. þessarar reglugerðar.

2. Skráin skal innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar að því er varðar hvert þriðja land til að hægt sé að sannprófa hvort þær vörur sem settar eru á markað í Bandalaginu hafi fallið undir eftirlitskerfi viðkomandi þriðja lands sem hefur hlotið viðurkenningu í samræmi við 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, einkum eftirfarandi:

- a) viðkomandi vöruflokka,
- b) uppruna varanna,

- c) tilvísun í framleiðslustaðlana sem gilda í þriðja landinu,
- d) lögbært yfirvald í þriðja landinu sem ber ábyrgð á eftirlitskerfinu, heimilisfang þess, tölvupóstfang og veffang,
- e) eftirlitsyfirvald eða -yfirvöld í þriðja landinu og/eða eftirlitsaðili eða -aðilar sem hafa hlotið viðurkenningu af hálfu fyrrnefnds lögbærs yfirvalds til að sinna eftirliti, heimilisföng þeirra og, þar sem það á við, tölvupóstföng og vefköng,
- f) yfirvald eða yfirvöld eða eftirlitsaðili eða -aðilar í þriðja landinu sem bera ábyrgð á því að gefa út vottorð í því skyni að flytja vörur inn til Bandalagsins, heimilisföng þeirra og kenninúmer og, þar sem það á við, tölvupóstföng og vefköng,
- g) hversu lengi færsla eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvalds á skránni gildir.

8. gr.

Málsmeðferð vegna beiðni um færslu á skrána yfir þriðju lönd

1. Framkvæmdastjórnin skal taka til athugunar hvort bæta skuli þriðja landi á skrána, sem kveðið er á um í 7. gr., að móttækinni beiðni um færslu á skrána frá fulltrúa viðkomandi þriðja lands.

2. Framkvæmdastjórninni ber aðeins skylda til að taka til athugunar þær skráningarbeiðnir sem uppfylla eftirfarandi skilyrði.

Skráningarbeiðnin skal fullgerð með tæknilegum málsskjölum sem skulu innihalda allar upplýsingar sem framkvæmdastjórnin þarf til að tryggja að skilyrðin, sem sett eru fram í 1. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, séu uppfyllt hvað varðar vörur sem ætlunin er að flytja út til Bandalagsins, nánar tiltekið:

- a) almennar upplýsingar um þróun lífrænnar framleiðslu í þriðja landinu, þær vörur sem framleiddar eru, ræktunarsvæði, framleiðsluhéruð, fjölda framleiðenda, matvælavinnslu sem þar fer fram,
- b) upplýsingar um áætlað eðli og magn lífrænna landbúnaðarafurða og matvæla sem ætluð eru til útflutnings til Bandalagsins,
- c) upplýsingar um framleiðslustaðlana sem gilda í þriðja landinu, auk mats á jafngildi þeirra gagnvart þeim stöðlum sem gilda í Bandalaginu,
- d) upplýsingar um eftirlitskerfi sem stuðst er við í þriðja landinu, þ.m.t. vöktun og eftirlit sem lögbær yfirvöld í þriðja landinu láta fara fram, auk mats á því hvort skilvirkni kerfisins sé jafngild í samanburði við þau eftirlitskerfi sem starfrækt eru í Bandalaginu,

- e) veffang eða annað aðsetur þar sem er að finna skrá yfir rekstraraðila sem falla undir eftirlitskerfið, auk tengiliðar þar sem auðvelt er að nálgast upplýsingar um vottunarstöðu þeirra og þá vöruflokka sem um er að ræða,
- f) þær upplýsingar sem þriðja landið vill að komi fram í skránni sem um getur í 7. gr.,
- g) skuldbindingu um að uppfylla ákvæði 9. gr.,
- h) hvers kyns aðrar upplýsingar sem þriðja landið eða framkvæmdastjórnin telur skipta máli.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt, þegar beiðni um færslu á skrána yfir viðurkennd þriðju lönd er tekin til athugunar, og einnig hvenær sem er að skráningu lokinni, að óska eftir hvers kyns frekari upplýsingum, þ.m.t. kynningu á einni eða fleiri vettvangsrannsóknarskýrslum frá óháðum sérfræðingum. Ef grunur leikur á frávikum er framkvæmdastjórninni auk þess heimilt, á grundvelli áhættumats, að fela sérfræðingum sem hún hefur sjálf tilnefnt að framkvæma vettvangsrannsókn.

4. Framkvæmdastjórnin skal meta hvort tæknilegu málskjölin sem um getur í 2. mgr. og upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. séu fullnægjandi og getur í kjölfarið ákveðið að viðurkenna þriðja land og bæta því á skrána. Ákvörðunin skal tekin í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

9. gr.

Starfræksla og endurskoðun skrárinnar yfir þriðju lönd

1. Framkvæmdastjórninni er aðeins skylt að taka til greina skráningarbeiðnir þegar þriðja landið skuldbindur sig til að samþykkja eftirfarandi skilyrði:
 - a) ef einhverjar breytingar verða á gildandi ráðstöfunum í þriðja landinu eða framkvæmd þeirra eftir að þriðja landið hefur verið bætt á skrána, einkum hvað varðar eftirlitskerfi þess, skal viðkomandi þriðja land tilkynna framkvæmdastjórninni það og einnig skal tilkynna framkvæmdastjórninni um beiðnir um að breyta upplýsingum að því er varðar þriðja landið sem um getur í 2. mgr. 7. gr.,
 - b) ársskýrslan, sem um getur í 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, þar sem uppfærðar eru upplýsingarnar í tæknilegu málskjölnum sem um getur í 2. mgr. 8. gr. þessarar reglugerðar og í ársskýrslunni skal einkum greint frá vöktun og eftirliti sem lögbær yfirvöld í þriðja landinu láta fara fram, niðurstöðum sem fengist hafa og ráðstöfunum til úrbóta,
 - c) í ljósi þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni berast getur hún hvenær sem er breytt forskriftunum að því er

varðar þriðja landið og fellt færslu þess lands á skrána, sem um getur í 7. gr., tímabundið úr gildi, einnig má taka svipaða ákvörðun þegar þriðja land hefur ekki afhent þær upplýsingar sem krafist er eða hefur ekki samþykkt vettvangsrannsókn,

2. Ef þriðja land sendir ekki ársskýrsluna sem um getur í 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, hefur ekki aðgengilegar eða tilkynnir allar upplýsingar sem varða tæknileg málskjöl eða eftirlitskerfi þess eða samþykkir ekki vettvangsrannsókn, sem framkvæmdastjórnin hefur óskað eftir, innan þess tímaramma sem framkvæmdastjórnin skal ákveða í samræmi við alvarleika vandamálsins og sem má almennt ekki vera skemmri en 30 dagar, er heimilt að fella viðkomandi þriðja land brott af skránni, í samræmi við þá málsmeðferð sem um getur í 2. mgr. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

2. KAFLI

Skrá yfir viðurkennda eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld að því er varðar samræmi

10. gr.

Samantekt og efni skrárinnar yfir viðurkennda eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld að því er varðar jafngildi

1. Framkvæmdastjórnin skal gera skrá yfir viðurkennda eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld að því er varðar jafngildi í samræmi við 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007. Skrána skal birta í IV. viðauka við þessa reglugerð. Í 11., 16. og 17. gr. þessarar reglugerðar eru skilgreindar þær málsmeðferðarreglur sem nota skal þegar skráin er samin og henni breytt. Skráin skal vera aðgengileg almenningi á Netinu í samræmi við 4. mgr. 16. gr. og 17. gr. þessarar reglugerðar.
2. Skráin skal innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar að því er varðar hvern eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvald til að hægt sé að sannprófa hvort þær vörur sem settar eru á markað í Bandalaginu hafi sætt eftirliti af hálfu eftirlitsaðila eða -yfirvalds sem hefur hlotið viðurkenningu í samræmi við 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, einkum eftirfarandi:
 - a) heiti, heimilisfang og kenninúmer eftirlitsaðilans eða -yfirvaldsins, og, þar sem það á við, tölvupóstfang og veffang viðkomandi,
 - b) þriðju lönd sem ekki er að finna á skránni sem kveðið er á um í 7. gr. þar sem viðkomandi vörur eru upprunnar,
 - c) vöruflokka sem um ræðir fyrir hvert þriðju landanna,
 - d) hversu lengi færsla eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvalds á skránni gildir og

e) veffang þar sem er að finna skrá yfir rekstraraðila sem falla undir eftirlitskerfið, auk tengiliðar þar sem auðvelt er að nálgast upplýsingar um vottunarstöðu þeirra, þá vöruflokka sem um ræðir, auk rekstraraðila og vörur með tímabundna eða varanlega ógildingu vottunar.

3. Þrátt fyrir b-lið 2. mgr. má bæta vörum, sem eiga uppruna sinn í þriðju löndum sem eru á skránni yfir viðurkennd þriðju lönd sem um getur í 7. gr. og sem tilheyra flokki sem ekki er getið um í skránni, á skrána sem kveðið er á um í þessari grein.

11. gr.

Málsmeðferð vegna beiðna um færslu á skrá yfir viðurkennda eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld að því er varðar jafngildi

1. Framkvæmdastjórnin skal taka til athugunar að bæta eftirlitsaðilum eða eftirlitsyfirvöldum á skrána, sem kveðið er á um í 10. gr., að fenginni skráningarbeiðni frá fulltrúa viðkomandi eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvalda sem byggist á fyrirmyndinni af umsókn sem framkvæmdastjórnin gerir aðgengilega í samræmi við 2. mgr. 17. gr. Aðeins skal taka til athugunar fullgerðar beiðnir sem hafa borist fyrir 31. október 2009 við samantekt fyrstu skrárinnar. Næstu almanaksár skal framkvæmdastjórnin skuldbinda sig til að uppfæra skrána reglulega eins og við á samkvæmt fullgerðum beiðnum sem borist hafa fyrir 31. október ár hvert.

2. Eftirlitsaðilar og eftirlitsyfirvöld innan Bandalagsins eða þriðju landa geta lagt fram beiðnina.

3. Skráningarbeiðnin skal samanstanda af tæknilegum málsskjölum sem skulu innihalda allar upplýsingar sem framkvæmdastjórnin þarf til að tryggja að skilyrðin, sem sett eru fram í 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, séu uppfyllt hvað varðar vörur sem ætlunin er að flytja út til Bandalagsins, nánar tiltekið:

a) yfirlit yfir starfsemi eftirlitsaðilans eða eftirlitsyfirvaldsins í því þriðja landi eða þriðju löndum sem um er að ræða, þar sem kemur fram áætlaður fjöldi hlutaðeigandi rekstraraðila og áætlað eðli og magn þeirra landbúnaðarafurða og matvæla sem eru ætluð til útflutnings til Bandalagsins samkvæmt þeim reglum sem settar eru fram í 1. og 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007,

b) lýsingu á þeim framleiðslustöðlum og eftirlitsráðstöfunum sem beitt er í þriðju löndunum, þ.m.t. mat á jafngildi þessara staðla og ráðstafana gagnvart III., IV. og V. bálki reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og gagnvart tilheyrandi framkvæmdarreglum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 889/2008,

c) afrit af matsskýrslunni samkvæmt fjórðu undirgrein 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007:

i. sem sannar að geta eftirlitsaðilans eða eftirlitsyfirvaldsins til að fullnægja þeim skilyrðum sem sett eru fram í 1. og 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 hafi verið metin með fullnægjandi hætti,

ii. staðfestir að viðkomandi aðili hafi hrundið starfsemi sinni í framkvæmd með skilvirkum hætti samkvæmt þessum skilyrðum og iii. sýnir fram á og staðfestir jafngildi framleiðslustaðlanna og varnarráðstafananna sem um getur í b-lið þessarar málsgreinar,

d) sönnun þess að eftirlitsaðilinn eða -yfirvaldið hafi gert yfirvöldum hvers þriðja lands kunnugt um starfsemi sína og skuldbindi sig til að virða þau lagaskilyrði sem yfirvöld hvers þriðja lands setja því,

e) veffang þar sem er að finna skrá yfir rekstraraðila sem falla undir eftirlitskerfið, auk tengiliðar þar sem auðvelt er að nálgast upplýsingar um vottunarstöðu þeirra, þá vöruflokka sem um ræðir, auk rekstraraðila og vörur með tímabundna eða varanlega ógildingu vottunar,

f) skuldbindingu um að uppfylla ákvæði 12. gr.,

g) hvers kyns aðrar upplýsingar sem eftirlitsaðilinn eða eftirlitsyfirvaldið eða framkvæmdastjórnin telur skipta máli.

4. Framkvæmdastjórninni er heimilt, þegar beiðni um færslu á skrána yfir eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvöld er tekin til athugunar, og einnig hvenær sem er að skráningu lokinni, að óska eftir hvers kyns frekari upplýsingum, þ.m.t. kynningu á einni eða fleiri vettvangsrannsóknarskýrslum frá óháðum sérfræðingum. Enn fremur getur framkvæmdastjórnin, með nálgun, byggðri á áhættumati og þegar grunur leikur á frávikum, skipulagt vettvangsrannsókn sérfræðinga sem hún hefur sjálf tilnefnt.

5. Framkvæmdastjórnin skal meta hvort tæknilegu málsskjölin sem um getur í 2. mgr. og upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. séu fullnægjandi og getur í kjölfarið ákveðið að viðurkenna eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvald og bæta þeim á skrána. Ákvörðunin skal tekin í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

12. gr.

Umsýsla og endurskoðun skrárinnar yfir eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld að því er varðar jafngildi

1. Aðeins má bæta eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvaldi á skrána sem um getur í 10. gr. að uppfylltum eftirfarandi skuldbindingum:

- a) ef einhverjar breytingar verða á þeim ráðstöfunum, sem eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald grípur til, eftir að eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvaldi hefur verið bætt á skrána, skal sá eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald tilkynna framkvæmdastjórninni það og einnig skal tilkynna framkvæmdastjórninni um beiðnir um að breyta upplýsingum að því er varðar eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvald sem um getur í 2. mgr. 10. gr.,
- b) eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald skal senda hnitmiðaða ársskýrslu til framkvæmdastjórnarinnar eigi síðar en 31. mars ár hvert. Í ársskýrslunni eru uppfærðar upplýsingarnar í tæknilegu málsskjölunum sem um getur í 3. mgr. 11. gr. og í ársskýrslunni skal greint frá þeirri eftirlitsstarfsemi sem eftirlitsaðilinn eða eftirlitsyfirvaldið hefur annast í þriðju löndunum á næstliðnu ári, þeim niðurstöðum sem fengist hafa, frávikum og brotum sem komið hafa í ljós og ráðstöfunum til úrbóta, auk þess skal skýrslan innihalda nýjustu matsskýrsluna eða uppfærslu á henni, með upplýsingum um niðurstöður úr reglulegum vettvangsrannsóknum, -eftirliti og -endurmati til margra ára sem um getur í 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, og er framkvæmdastjórninni heimilt að óska eftir öllum öðrum upplýsingum sem hún telur nauðsynlegar,
- c) í ljósi þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni berast getur hún hvenær sem er breytt forskriftunum að því er varðar eftirlitsaðilann eða eftirlitsyfirvaldið og fellt færslu þess aðila eða yfirvalds á skrána, sem um getur í 10. gr., tímabundið úr gildi, einnig má taka svipaða ákvörðun þegar eftirlitsaðili eða -yfirvald hefur ekki afhent þær upplýsingar sem krafist er eða hefur ekki samþykkt vettvangsrannsókn,
- d) eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald skal hafa stöðugt uppfærða skrá yfir rekstraraðila og vörur, sem hlotið hafa lífræna vottun aðgengilega hagsmunaaðilum, með rafrænum hætti.

2. Ef eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald sendir ekki ársskýrsluna sem um getur í b-lið 1. mgr., hefur ekki aðgengilegar eða tilkynnir ekki allar upplýsingar sem varða tæknileg málsskjöl, eftirlitskerfi eða uppfærða skrá þess yfir rekstraraðila og vörur sem hlotið hafa lífræna vottun, eða samþykkir ekki vettvangsrannsókn, sem framkvæmdastjórnin hefur óskað eftir, innan tímaramma sem framkvæmdastjórnin skal ákveða samkvæmt alvarleika vandamálsins og sem má almennt ekki vera skemmri en 30 dagar, má fella þann eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvald brott af skránni yfir eftirlitsaðila og

eftirlitsyfirvöld, í samræmi við þá málsmeðferð sem um getur í 2. mgr. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

Ef eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald grípur ekki til skjótra og viðeigandi aðgerða til úrbóta skal framkvæmdastjórnin fella færslu viðkomandi brott af skránni án tafar.

3. KAFLI

Vörur, sem fluttar eru inn í samræmi við 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, afgreiddar í frjálst flæði

13. gr.

Skoðunarvottorð

1. Afgreiðsla vörusendinga í frjálst flæði innan Bandalagsins, sem um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og eru fluttar inn í samræmi við 33. gr. þeirrar reglugerðar, er bundin eftirfarandi skilyrðum:

- a) upprunalegt skoðunarvottorð hefur verið afhent viðkomandi yfirvaldi aðildarríkis og
- b) viðkomandi yfirvald aðildarríkis hefur sannprófað vörusendinguna og skoðunarvottorðið hefur verið áritað í samræmi við 8. mgr. þessarar greinar.

2. Upprunalegt skoðunarvottorð skal útbúið í samræmi við 2. mgr. 17. gr. og 3. til 7. mgr. þessarar greinar, byggt á fyrirmyndinni og athugasemdunum sem settar eru fram í V. viðauka. Framkvæmdastjórnin skal gera athugasemdirnar og fyrirmýndina, ásamt leiðbeiningunum sem um getur í 2. mgr. 17. gr., aðgengilegar í gegnum tölvukerfið sem gerir rafræna miðlun á skjölum og upplýsingum mögulega og um getur 17. gr.

3. Til að hljóta vottun verður skoðunarvottorðið að vera útgefið af:

- a) viðurkenndu eftirlitsyfirvaldi eða eftirlitsaðila, sem hefur verið falið að gefa út skoðunarvottorðið sem um getur í 2. mgr. 7. gr., í þriðja landi sem er viðurkennt skv. 4. mgr. 8. gr. eða
- b) eftirlitsyfirvaldi eða eftirlitsaðila í þriðja landinu sem er á skrá fyrir hönd viðkomandi þriðja lands og er viðurkennt skv. 5. mgr. 11. gr.

4. Yfirvaldið eða aðilinn sem gefur út skoðunarvottorðið skal aðeins gefa út skoðunarvottorðið og árita yfirlýsinguna í reit 15 á vottorðinu eftir að:

- a) hafa sannprófað skjöl á grundvelli allra tilskilinna skoðunarskjala, þ.m.t. einkum framleiðsluáætlunar fyrir viðkomandi vörur, flutningsskjala og viðskiptaskjala og
- b) hafa annaðhvort annast eftirlit með ástandi viðkomandi vörusendingar eða fengið beina yfirlýsingu frá útflytjanda um að viðkomandi vörusending sé framleidd og/eða hafi verið undirbúin í samræmi við 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og skal yfirvaldið eða aðilinn framkvæma sannprófun á trúverðuleika þessarar yfirlýsingar sem byggist á áhættumiðaðri nálgun.

Yfirvaldið eða aðilinn skal auk þess setja raðnúmer á hvert útgefið vottorð og halda skrá yfir vottorð sem eru afhent í tímaröð.

5. Skoðunarvottorðið skal vera á einu af opinberum tungumálum Bandalagsins og eingöngu vera, að frátöldum stimplum og undirritunum, annaðhvort með hástöfum eða vélritað.

Skoðunarvottorðið skal vera á einu af opinberum tungumálum viðtökuáildarríkisins. Ef nauðsyn ber til geta viðkomandi yfirvöld áildarríkisins óskað eftir því að skoðunarvottorðið verði þýtt á eitt af opinberum tungumálum í því áildarríki.

Vottorð er ógilt ef óvottaðar breytingar eða útstrikanir eiga sér stað.

6. Skoðunarvottorðið skal vera í einu eintaki.

Fyrsti viðtakandi eða innflytjandi, ef við á, má taka afrit í þeim tilgangi að veita eftirlitsyfirvöldum eða eftirlitsaðilum upplýsingar í samræmi við 83. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008. Á slíkt afrit skal prenta eða stimpla orðið „AFRIT“ eða „EFTIRRIT“.

7. Að því er varðar vörur sem eru fluttar inn samkvæmt umbreytingarreglunum sem mælt er fyrir um í 19. gr. þessarar reglugerðar skal eftirfarandi gilda:

- a) í reit 16 á skoðunarvottorðinu í b-lið 3. mgr. skal vera, þegar vottorðið er lagt fram í samræmi við 1. mgr., yfirlýsing lögbærs yfirvalds í áildarríkinu þar sem leyfi er veitt samkvæmt málsmeðferðinni í 19. gr.,
- b) lögbært yfirvald í áildarríkinu, þar sem leyfi er veitt, getur veitt eftirlitsyfirvaldinu eða -aðilanum, sem hefur eftirlit

með innflytjandanum í samræmi við eftirlitsráðstafanirnar í V. bálki reglugerðar (EBE nr. 834/2007, umboð til að tilgreina yfirlýsinguna í reit 16 eða þeim yfirvöldum sem eru tilnefnd yfirvöld viðkomandi áildarríkis,

c) ekki þarf að setja yfirlýsingu í reit 16:

- i. ef innflytjandi leggur fram upprunalegt skjal, sem lögbært yfirvald áildarríkis, sem veitir leyfi í samræmi við 19. gr. þessarar reglugerðar, gefur út, og sýnir fram á að vörusendingin falli undir það leyfi, eða
- ii. ef yfirvald áildarríkisins, sem veitti leyfið sem um getur í 19. gr., leggur fullnægjandi sönnunargögn með beinum hætti fyrir yfirvaldið, sem annast sannprófun vörusendingar, um að vörusendingin falli undir það leyfi en það er undir áildarríkinu, sem veitti leyfið, komið að ákvarða hvort það beiti þessari málsmeðferð til að veita upplýsingar með beinum hætti;

d) í skjalinu með sönnunargögnunum, sem krafist er í i. og ii. lið c-liðar, skal vera:

- i. tilvísunarnúmer innflutningsleyfis og síðasti gildisdagur leyfis,
- ii. nafn og heimilisfang innflytjanda,
- iii. þriðja land sem upprunaland,
- iv. upplýsingar um útgáfuaðila eða –yfirvald og, sé ekki um sömu aðila að ræða, upplýsingar um skoðunaraðila eða –yfirvald í þriðja landi,
- v. heiti viðkomandi vara.

8. Við sannprófun á sendingu vara skal viðkomandi yfirvald áildarríkis árita reit 17 í upprunalega skoðunarvottorðinu sem síðan er afhent einstaklingnum sem lagði fram vottorðið.

9. Þegar fyrsti viðtakandi tekur við sendingunni skal hann fylla út reit 18 á frumriti skoðunarvottorðsins til að votta að tekið hafi verið við sendingunni í samræmi við 34. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008.

Fyrsti viðtakandi sendir því næst frumrit vottorðsins til innflytjanda, sem um getur í reit 11 á vottorðinu, til að fullnægja kröfunni sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 1. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, nema vottorðið eigi að fylgja sendingunni áfram sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

10. Skoðunarvottorðið má útbúa með rafrænum hætti þar sem stuðst er við þá aðferð sem eftirlitsyfirvöldum eða eftirlitsaðilum er boðið upp á af viðkomandi aðildarríkjum. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna geta krafist þess að rafrænni útgáfu skoðunarvottorðsins fylgi þróuð, rafræn undirskrift í skilningi 2. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB⁽¹⁾. Í öllum öðrum tilvikum skulu lögbær yfirvöld krefjast rafrænnar undirskriftar, sem veitir jafngildar tryggingar að því er varðar virkni undirskriftar, með því að beita sömu reglum og skilyrðum og eru skilgreind í ákvæðum framkvæmdastjórnarinnar um rafræn og stafræn skjöl sem sett eru fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/563/EB, KBE⁽²⁾.

14. gr.

Sérstök tollmeðferð

1. Ef ætlunin er að vörusending frá þriðja landi fari í tollvörugæmsluferli eða innri aðvinnslu í formi niðurfellingarkerfis eins og kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2913/92⁽³⁾ og sé tekin til vinnslu í einum eða fleiri liðum, eins og skilgreint er í i-lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, skal vörusendingin heyra undir þær ráðstafanir sem um getur í 1. mgr. 13. gr. þessarar reglugerðar áður en fyrsti liður vinnslunnar fer fram.

Vinnslan getur m.a. falist í eftirfarandi:

- a) pökkun eða endurpökkun, eða
- b) merkingum í því skyni að tilgreina lífræna framleiðslu-aðferð.

Að þessari vinnslu lokinni skal áritað frumrit skoðunarvottorðs fylgja vörusendingunni og skal sýna það viðkomandi yfirvaldi aðildarríkisins, sem sannprófar vörusendinguna í þeim tilgangi að afgreiða hana í frjálst flæði.

Því næst skal, ef við á, skila frumriti skoðunarvottorðs til innflytjanda vörusendingarinnar, sem er tilgreindur í reit 11 á vottorðinu, til að fullnægja kröfunni sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 1. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 13, 19.1.2000, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 251, 27.7.2004, bls. 9.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 302, 19.10.1992, bls. 1.

2. Ef vörusending frá þriðja landi, sem enn hefur ekki verið afgreidd í frjálst flæði í Bandalaginu, er í samræmi við frestun á tollafgreiðslu samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2913/92 og ætluð til skiptingar í mismunandi framleiðslulotu í aðildarríki verður að beita þeim ráðstöfunum, sem um getur í 1. mgr. 13. gr. í þessari reglugerð, í tengslum við þessa sendingu áður en skiptingin fer fram.

Fyrir hverja framleiðslulotu, sem verður til við skiptingu, skal afhenda viðkomandi yfirvaldi aðildarríkisins útdrátt úr skoðunarvottorði sem er í samræmi við fyrirmynd og athugasemdir í VI. viðauka. Yfirvaldi viðkomandi aðildarríkis ber að árita reit 14 á útdrætti úr skoðunarvottorðinu.

Einstaklingurinn, sem er upprunalegur innflytjandi vörusendingarinnar og er tilgreindur í reit 11 á skoðunarvottorðinu, skal geyma eintak af hverjum árituðum útdrætti úr skoðunarvottorðinu ásamt upprunalega skoðunarvottorðinu. Á slíkt afrit skal prenta eða stimpla orðið „AFRIT“ eða „EFTIRRIT“.

Að skiptingu lokinni skal áritað frumrit hvers útdráttar úr skoðunarvottorði fylgja viðkomandi framleiðslulotu og skal sýna það viðkomandi yfirvaldi aðildarríkisins sem sannprófar viðkomandi framleiðslulotu í þeim tilgangi að afgreiða hana í frjálst flæði.

Þegar viðtakandi tekur við framleiðslulotu skal hann fylla út reit 15 á upprunalegum útdrætti skoðunarvottorðsins til að votta að viðtaka hennar hafi farið fram í samræmi við 34. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008.

Viðtakandi framleiðslulotu skal hafa útdrátt úr skoðunarvottorði tiltækan fyrir eftirlitsyfirvöld og/eða eftirlitsaðila eigi skemur en í tvö ár.

3. Vinnsla og skipting sem um getur í 1. og 2. mgr. skulu fara fram í samræmi við viðeigandi ákvæði sem sett eru fram í V. bálki reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og í IV. bálki reglugerðar (EB) nr. 889/2008.

15. gr.

Vörur sem ekki uppfylla kröfur

Með fyrirvara um hugsanlegar ráðstafanir eða aðgerðir sem gripið er til í samræmi við 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og/eða 85. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008 er skilyrði fyrir því að afgreiða vörur, sem uppfylla ekki kröfur þessara reglugerða, í frjálst flæði í Bandalaginu að merkingar, þar sem lífræn framleiðsla er tilgreind, séu teknar af merkimiðum, úr auglýsingum og fylgiskjölum.

IV. BÁLKUR

SAMEIGINLEGAR REGLUR

16. gr.

Mat á beiðnum og útgáfa skrána

1. Framkvæmdastjórnin skal rannsaka móttekna beiðni í samræmi við 4., 8. og 11. gr. að fenginni aðstoð frá nefndinni um lífræna framleiðslu, sem um getur í 1. mgr. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 (hér á eftir kölluð „nefndin“). Í þessum tilgangi skal nefndin samþykkja sérstakar innri starfsreglur.

Framkvæmdastjórnin skal koma á fót hópi sérfræðinga stjórnvalda og úr einkageiranum til að aðstoða við rannsókn beiðnanna og við starfrækslu og endurskoðun skrána.

2. Að móttékinni hverri beiðni og að höfðu viðeigandi samráði við aðildarríkin í samræmi við hinar sérstöku innri starfsreglur skal framkvæmdastjórnin tilnefna tvö aðildarríki sem meðskýrslugjafa. Framkvæmdastjórnin skal skipta beiðnunum á milli aðildarríkanna í réttu hlutfalli við atkvæðafjölda hvers aðildarríkis í nefndinni um lífræna framleiðslu. Aðildarríki sem eru meðskýrslugjafar skulu rannsaka gögnin og upplýsingarnar sem settar eru fram í 4., 8. og 11. gr. og tengjast beiðninni og taka saman skýrslu. Með starfrækslu og endurskoðun skrána í huga skulu aðildarríkin einnig rannsaka ársskýrslurnar og allar aðrar upplýsingar sem um getur í 5., 9. og 12. gr. og lúta að færslunum á skránum.

3. Með tilliti til niðurstaðna úr rannsókn þess aðildarríkis sem er meðskýrslugjafi skal framkvæmdastjórnin taka ákvörðun, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, að því er varðar að viðurkenna þriðju lönd, eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvöld, bæta þeim á skrárnar eða gera aðrar breytingar á skránum, þ.m.t. að úthluta þessum aðilum og yfirvöldum kenninúmeri. Ákvarðanirnar skulu birtar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

4. Framkvæmdastjórnin skal gera skrárnar aðgengilegar almennungi með hvers kyns viðeigandi tækni, þ.m.t. útgáfu á Netinu.

17. gr.

Samskipti

1. Þegar framkvæmdastjórninni eða aðildarríkjunum eru send skjöl eða aðrar upplýsingar sem um getur í 32. og 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og í þessari reglugerð skulu lögbær yfirvöld þriðju landa, eftirlitsyfirvöld eða eftirlitsaðilar notast við rafrænar sendingar. Ef framkvæmdastjórnin eða aðildarríkin hafa tiltæk sérstök, rafræn sendingarkerfi skal notast við þau kerfi. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu einnig notast við þessi kerfi til að skiptast á skjölum sem um er að ræða.

2. Vegna sniðs og innihalds þeirra skjala og upplýsinga sem um getur í 32. og 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og í þessari reglugerð skal framkvæmdastjórnin taka saman leiðbeiningar, fyrirmyndir og spurningalista þar sem við á og gera aðgengileg í því tölvukerfi sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar. Framkvæmdastjórnin skal aðlaga og uppfæra þessar leiðbeiningar, fyrirmyndir og spurningalista eftir að hafa upplýst aðildarríkin og lögbær yfirvöld þriðju landanna um það, auk eftirlitsyfirvalda og eftirlitsaðila sem hafa hlotið viðurkenningu í samræmi við þessa reglugerð.

3. Tölvukerfið, sem kveðið er á um í 1. mgr., skal geta haldið utan um þær beiðni, skjöl og upplýsingar sem um getur í þessari reglugerð, þar sem við á, þ.m.t. leyfi sem veitt eru skv. 19. gr.

4. Lögbær yfirvöld þriðju landanna og eftirlitsyfirvöld eða eftirlitsaðilar skulu geyma þau fylgiskjöl sem um getur í 32. og 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og í þessari reglugerð, einkum 4., 8. og 11. gr., og hafa þau tiltæk framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum í a.m.k. þrjú ár eftir árið sem eftirlitið átti sér stað eða skoðunarvottorðin og skriflegu sönnunargögnin voru afhent.

5. Ef skjal eða málsmeðferð, sem kveðið er á um í 32. og 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 eða í ítarlegum reglum um beitingu hennar, krefst undirskriftar þar til bærst einstaklings eða samþykkis einstaklings á einu eða fleiri stigum þeirrar málsmeðferðar verða tölvukerfin, sem sett hafa verið upp fyrir miðlun þessara skjala, að gera það kleift að staðfesta ótvírætt deili á hverjum einstaklingi og veita nægilega tryggingu fyrir því að ekki sé hægt að breyta innihaldi skjalanna, þ.m.t. að því er varðar einstaka áfanga málsmeðferðarinnar, í samræmi við löggjöf Bandalagsins, einkum ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/563/EB, KBE.

V. BÁLKUR

LOKAREGLUR OG UMBREYTINGARREGLUR

18. gr.

Umbreytingarreglur um skrána yfir þriðju lönd

Skráningarbeiðnir frá þriðju löndum sem lagðar hafa verið fram í samræmi við 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 345/2008 fyrir 1. janúar 2009 skulu meðhöndlaðar sem umsóknir skv. 8. gr. þessarar reglugerðar.

Fyrsta útgáfa skrárinnar yfir viðurkennd lönd skal innihalda Argentínu, Ástralíu, Kostaríku, Indland, Ísrael, Nýja-Sjáland og Sviss. Skráin skal ekki innihalda kenninúmerin sem um getur í f-lið 2. mgr. 7. gr. í þessari reglugerð. Þessum kenninúmerum skal bætt við fyrir 1. júlí 2010 með því að uppfæra skrána í samræmi við 2. mgr. 17. gr.

19. gr.

Umbreytingarreglur um jafngildan innflutning á vörum sem eiga ekki uppruna sinn í skráðum þriðju löndum

1. Í samræmi við 40. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 getur lögbært yfirvald aðildarríkis veitt innflytjendum í því aðildarríki, þar sem innflytjandinn hefur tilkynnt starfsemi sína í samræmi við 28. gr. þeirrar reglugerðar, leyfi til að setja vörur á markað sem eru fluttar inn frá þriðju löndum sem eru ekki á skránni sem um getur í 2. mgr. 33. gr. þeirrar reglugerðar, að því tilskildu að innflytjandinn leggi fram nægileg sönnunargögn þess efnis að skilyrðunum, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 33. gr. þeirrar reglugerðar, sé fullnægt.

Þegar aðildarríkið lítur svo á að þessum skilyrðum sé ekki lengur fullnægt skal það draga leyfisveitingu sína til baka, eftir að hafa gefið innflytjandanum eða hverjum öðrum hlutaðeigandi einstaklingi færi á að koma athugasemdum á framfæri.

Leyfi skulu falla úr gildi eigi síðar en 24 mánuðum eftir birtingu fyrstu skrárinnar yfir eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld sem hafa hlotið viðurkenningu skv. 10. gr. þessarar reglugerðar.

Fyrir innfluttu vörurnar skulu vera tiltæk skoðunarvottorð, eins og sett er fram í 13. gr., sem gefin eru út af því eftirlitsyfirvaldi eða eftirlitsaðila sem lögbært yfirvald þess aðildarríkis, sem veitti leyfið, hefur samþykkt að gefi út skoðunarvottorð. Frumrit vottorðsins verður að fylgja vörunum til athafnasvæðis fyrsta viðtakanda. Eftir það skal innflytjandi hafa vottorðið tiltækt fyrir eftirlitsaðila og, eftir því sem við á, eftirlitsyfirvald í a.m.k. tvö ár.

2. Hvert aðildarríki skal tilkynna öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni um sérhvert leyfi sem veitt er samkvæmt þessari grein, þ.m.t. upplýsingar um viðkomandi framleiðslustaðla og fyrirkomulag eftirlits.

3. Að beiðni aðildarríkis eða að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar skal nefndin um lífræna framleiðslu gera úttekt á leyfum sem veitt eru samkvæmt þessari grein. Ef þessi úttekt

leiðir í ljós að skilyrðin, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, eru ekki uppfyllt skal framkvæmdastjórnin krefjast þess að aðildarríkið, sem veitti leyfið, afturkalli það.

4. Aðildarríkin mega ekki lengur veita leyfin sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar að liðnum tólf mánuðum frá útgáfu fyrstu skrárinnar yfir eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld sem um getur í 5. mgr. 11. gr., nema ef framleiðsla viðkomandi innfluttra vara hefur í þriðja landinu heyrt undir eftirlit af hálfu eftirlitsaðila eða eftirlitsyfirvalds sem ekki er að finna á skránni sem sett er fram í samræmi við 10. gr.

5. Frá og með 1. janúar 2013 skulu aðildarríkin ekki lengur veita nein leyfi sem um getur í 1. mgr.

6. Þau leyfi til þess að setja á markað vörur sem fluttar eru inn frá þriðja landi sem lögbært yfirvald aðildarríkis hefur veitt innflytjanda fyrir 31. desember 2008 skv. 6. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 skulu falla úr gildi eigi síðar en 31. desember 2009.

20. gr.

Niðurfelling

Reglugerðir (EB) nr. 345/2008 og (EB) nr. 605/2008 eru felldar úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðirnar sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í VII. viðauka.

21. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. janúar 2009.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. desember 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mariann Fischer BOEL

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

**SKRÁ YFIR EFTIRLITSAÐILA OG EFTIRLITSYFIRVÖLD AÐ ÞVÍ ER VARÐAR SAMRÆMI OG
VIÐEIGANDI FORSKRIFTIR SEM UM GETUR Í 3. GR.**

II. VIÐAUKI

FYRIRMYND FYRIR SKRIFLEG SÖNNUNARGÖGN

sem um getur í 1. mgr. 6. gr.

<p>Skrifleg sönnunargögn fyrir rekstraraðilann skv. c-lið 1. mgr. 32. gr. og 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 sem krafist er vegna innflutnings vara sem uppfylla kröfur í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008</p>	
1. Númer skjals:	
2. Nafn og heimilisfang rekstraraðila: aðalstarfsemi (framleiðandi, vinnsluaðili, innflytjandi o.s.frv.):	3. Heiti, heimilisfang og kenninúmer eftirlitsaðila/eftirlitsyfirvalds:
4. Vöruflokkar/starfsemi: – Plöntur og plöntuafurðir: – Búfé og bújárufurðir: – Unnar vörur:	5. skilgreint sem: lífræn framleiðsla, vörur í aðlögun og einnig ólífræn framleiðsla þar sem á sér stað hliðstæð framleiðsla/vinnsla skv. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007
6. Gildistími: Plöntuafurðir ... frá til ... Bújárufurðir ... frá til ... Unnar afurðir ... frá til ...	7. Eftirlitsdagsetning(ar):
<p>8. Þetta skjal er gefið út í samræmi við c-lið 1. mgr. 32. gr. og 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008. Rekstraraðilinn sem gefinn er upp hefur leyft eftirlit með starfsemi sinni og uppfyllir þær kröfur sem mælt er fyrir um í fyrrnefndum reglugerðum.</p> <p>Dagsetning, staður:</p> <p>Undirskrift fyrir hönd útgáfueftirlitsaðila/útgáfueftirlitsyfirvalds:</p>	

III. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR ÞRÍÐJU LÖND OG VIÐEIGANDI FORSKRIFTIR SEM UM GETUR Í 7. GR.

ARGENTÍNA

1. Afurðaflokkar:

a) lifandi eða óunnar landbúnaðarafurðir, plöntufjölgunarefni og fræ til ræktunar, að undanskildu eftirfarandi:

— búfé og búfjárafurðum sem bera eða er ætlað að bera merkingar sem vísa til aðlögunar að lífrænum landbúnaði,

b) unnum landbúnaðarafurðum sem nota á sem matvæli, að undanskildu eftirfarandi:

— búfjárafurðum sem bera eða er ætlað að bera merkingar sem vísa til aðlögunar að lífrænum landbúnaði.

2. **Uppruni:** afurðir í flokki 1 a og lífrænt framleidd innihaldsefni í afurðum í flokki 1 b sem hafa verið framleidd í Argentínu.

3. **Framleiðslustaðlar:** Ley 25 127 sobre "Producción ecológica, biológica y orgánica".

4. **Lögbært yfirvald:** Servicio Nacional de Sanidad y Calidad Agroalimentaria SENASA, www.senasa.gov.ar

5. Eftirlitsaðilar:

— Food Safety SA, www.foodsafety.com.ar

— Instituto Argentino para la Certificación y Promoción de Productos Agropecuarios Orgánicos SRL (Argencert), www.argencert.com

— Letis SA, www.letis.com.ar

— Organización Internacional Agropecuaria (OIA), www.oia.com.ar

6. **Aðilar sem gefa út vottorð:** sjá 5. lið.

7. **Gildistími skráningar:** 30. júní 2013.

ÁSTRALÍA

1. Afurðaflokkar:

a) óunnar plöntuafurðir, plöntufjölgunarefni og fræ til ræktunar,

b) unnar landbúnaðarafurðir til notkunar sem matvæli sem eru aðallega samsett úr einu eða fleiri innihaldsefnum úr jurtaríkinu.

2. **Uppruni:** afurðir í flokki 1 a og lífrænt ræktuð innihaldsefni í afurðum í flokki 1 b sem hafa verið ræktuð í Ástralíu.

3. **Framleiðslustaðlar:** National standard for organic and bio-dynamic produce.

4. **Lögbært yfirvald:** Australian Quarantine and Inspection Service AQIS, www.aqis.gov.au

5. Eftirlitsaðilar og -yfirvöld:

— Australian Certified Organic Pty. Ltd., www.australianorganic.com.au

— Australian Quarantine and Inspection Service (AQIS), www.aqis.gov.au

— Bio-dynamic Research Institute (BDRI), www.demeter.org.au

— National Association of Sustainable Agriculture, Australia (NASAA), www.nasaa.com.au

— Organic Food Chain Pty Ltd (OFC), www.organicfoodchain.com.au

6. **Aðilar og yfirvöld sem gefa út vottorð:** sjá 5. lið.

7. **Gildistími skráningar:** 30. júní 2013.

KOSTARÍKA

1. **Afurðaflokkar:**

- a) óunnar plöntuafurðir, plöntufjölgunarefni og fræ til ræktunar,
- b) unnar plöntuafurðir sem nota á sem matvæli.

2. **Uppruni:** afurðir í flokki 1 a og lífrænt framleidd innihaldsefni í afurðum í flokki 1 b sem hafa verið framleidd í Kostaríku.

3. **Framleiðslustaðlar:** Reglamento sobre la agricultura orgánica.

4. **Lögbært yfirvald:** Servicio Fitosanitario del Estado, Ministerio de Agricultura y Ganadería, www.protecnet.go.cr/SFE/Organica.htm

5. **Eftirlitsaðilar:**

- BCS Oko-Garantie, www.bcs-oeko.com
- Eco-LOGICA, www.eco-logica.com

6. **Yfirvald sem gefur út vottorð:** Ministerio de Agricultura y Ganadería.

7. **Gildistími skráningar:** 30. júní 2011.

INDLAND

1. **Afurðaflokkar:**

- a) óunnar plöntuafurðir og plöntufjölgunarefni og fræ til ræktunar,
- b) unnar landbúnaðarafurðir til notkunar sem matvæli sem eru aðallega samsett úr einu eða fleiri innihaldsefnum úr jurtaríkinu.

2. **Uppruni:** afurðir í flokki 1 a og lífrænt ræktuð innihaldsefni í afurðum í flokki 1 b sem hafa verið ræktuð á Indlandi.

3. **Framleiðslustaðlar:** National Programme for Organic Production.

4. **Lögbært yfirvald:** Agricultural and Processed Food Export Development Authority APEDA, www.apeda.com/organic

5. **Eftirlitsaðilar og -yfirvöld:**

- APOF Organic Certification Agency (AOCA), www.aoca.in
- Bureau Veritas Certification India Pvt. Ltd, www.bureauveritas.co.in
- Control Union Certifications, www.controlunion.com
- Ecocert SA (India Branch Office), www.ecocert.in
- IMO Control Private Limited, www.imo.ch
- Indian Organic Certification Agency (Indocert), www.indocert.org
- Lacon Quality Certification Pvt. Ltd, www.laconindia.com
- Natural Organic Certification Association, www.nocaindia.com
- OneCert Asia Agri Certification private Limited, www.onecertasia.in

— SGS India Pvt. Ltd, www.in.sgs.com

— Uttaranchal State Organic Certification Agency (USOCA), www.organicuttarakhand.org/products_certification.htm

— Rajasthan Organic Certification Agency (ROCA),
http://www.rajasthankrishi.gov.in/Departments/SeedCert/index_eng.asp

6. **Aðilar og yfirvöld sem gefa út vottorð:** sjá 5. lið.

7. **Gildistími skráningar:** 30. júní 2009.

ÍSRÆL

1. Afurðaflokkar:

a) óunnar plöntuafurðir, plöntufjölgunarefni og fræ til ræktunar,

b) unnar landbúnaðarafurðir til notkunar sem matvæli sem eru aðallega samsett úr einu eða fleiri innihaldsefnum úr jurtaríkinu.

2. **Uppruni:** afurðir í flokki 1 a og lífrænt framleidd innihaldsefni í afurðum í flokki 1 b sem hafa verið framleidd í Ísrael eða flutt inn til Ísraels:

— annaðhvort frá Bandalaginu

— eða frá þriðja landi innan ramma reglna sem eru viðurkenndar sem jafngildar í samræmi við ákvæði 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

3. **Framleiðslustaðlar:** National Standard for organically grown plants and their products.

4. **Lögbært yfirvald:** Plant Protection and Inspection Services (PPIS), www.ppis.moag.gov.il

5. Eftirlitsaðilar og -yfirvöld:

— Agrior Ltd.-Organic Inspection & Certification, www.agrior.co.il

— IQC Institute of Quality & Control, www.iqc.co.il

— Plant Protection and Inspection Services (PPIS), www.ppis.moag.gov.il

— Skal Israel Inspection & Certification, www.skal.co.il

6. **Aðilar og yfirvöld sem gefa út vottorð:** sjá 5. lið.

7. **Gildistími skráningar:** 30. júní 2013.

SVISS

1. **Afurðaflokkar:** Lifandi eða óunnar landbúnaðarafurðir og plöntufjölgunarefni, unnar landbúnaðarafurðir sem ætlaðar eru til notkunar sem matvæli, fóður og fræ til ræktunar, að undanskildu eftirfarandi:

— afurðum sem eru framleiddar á aðlögunartímanum og afurðum með innihaldsefni úr landbúnaði sem er framleitt á aðlögunartímanum.

2. **Uppruni:** vörur og lífrænt framleidd innihaldsefni í vörum sem hafa verið framleidd í Sviss eða flutt inn til Sviss:

— annaðhvort frá Bandalaginu

— eða frá þriðja landi, enda hafi Sviss viðurkennt að framleiðsla og eftirlit með vörum í þriðja landinu hafi verið samkvæmt reglum sem séu jafngildar þeim reglum sem mælt er fyrir um í svissneskri löggjöf.

3. **Framleiðslustaðlar:** Ordinance on organic farming and the labelling of organically produced plant products and food-stuffs.

4. **Lögbært yfirvald:** Federal Office for Agriculture FOAG,
<http://www.blw.admin.ch/themen/00013/00085/00092/index.html?lang=en>

5. Eftirlitsaðilar:

- Bio Test Agro (BTA), www.bio-test-agro.ch
- bio.inspecta AG, www.bio-inspecta.ch
- Institut für Marktökologie (IMO); www.imo.ch
- ProCert Safety AG, www.procert.ch

6. Aðilar sem gefa út vottorð: sjá 5. lið.**7. Gildistími skráningar:** 30. júní 2013.

NÝJA-SJÁLAND

1. Afurðaflokkar:**a) lifandi eða óunnar landbúnaðarafurðir, plöntufjölgunarefni og fræ til ræktunar, að undanskildu eftirfarandi:**

- búfé og búfjárafurðum sem bera eða er ætlað að bera merkingar sem vísa til breytingar yfir í lífrænan landbúnað,
- afurðum úr lagareldi,

b) unnum landbúnaðarafurðum sem nota á sem matvæli, að undanskildu eftirfarandi:

- búfjárafurðum sem bera eða er ætlað að bera merkingar sem vísa til breytingar yfir í lífrænan landbúnað,
- afurðum sem innihalda afurðir úr lagareldi.

2. Uppruni: afurðir í flokki 1 a og lífrænt framleidd innihaldsefni í afurðum í flokki 1 b sem hafa verið framleidd á Nýja-Sjálandi eða flutt inn til Nýja-Sjálands:

- annaðhvort frá Bandalaginu
- eða frá þriðja landi innan ramma reglna sem eru viðurkenndar sem jafngildar í samræmi við ákvæði 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007,
- eða frá þriðja landi þar sem reglur um framleiðslu og skoðunarkerfi hafa verið viðurkenndar sem jafngildar áætlun ráðuneytis landbúnaðar og skógarnytja um opinbera tryggingu fyrir lífrænt framleidd matvæli á grundvelli þeirra trygginga og upplýsinga sem lögbær yfirvöld þess lands veita í samræmi við ákvæðin sem ráðuneyti landbúnaðar setur og að því tilskildu að einungis séu flutt inn lífrænt framleidd innihaldsefni sem nota á í afurðir í flokki 1 b, framleiddar í Nýja-Sjálandi. Innihaldsefnin mega þó ekki nema meira en 5% af landbúnaðarafurðum.

3. Framleiðslustaðlar: NZFSA Technical Rules for Organic Production.**4. Lögbært yfirvald:** New Zealand Food Safety Authority NZFSA, <http://www.nzfsa.govt.nz/organics/>**5. Eftirlitsaðilar:**

- AsureQuality, www.organiccertification.co.nz
- BIO-GRO New Zealand, www.bio-gro.co.nz

6. Yfirvald sem gefur út vottorð: Ministry of Agriculture and Forestry (MAF) — New Zealand Food Safety Authority (NZFSA).**7. Gildistími skráningar:** 30. júní 2011.

IV. VIÐAUKI

**SKRÁ YFIR EFTIRLITSAÐILA OG EFTIRLITSYFIRVÖLD AÐ ÞVÍ ER VARÐAR JAFNGILDI OG
VÐEIGANDI FORSKRIFTIR SEM UM GETUR Í 10. GR.**

*V. VIÐAUKI***FYRIRMYND AÐ SKOÐUNARVOTTORÐI**

vegna innflutnings á lífrænum framleiðsluvörum til Evrópubandalagsins eins og um getur í 13. gr.

Fyrirmyndin að vottorðinu er ákvörðuð með tilliti til:

- texta,
- sniðs, á einni síðu,
- útlits og stærðar einstakra reita.

SKOÐUNARVOTTORÐ VEGNA INNFLUTNINGS Á LÍFRÆNUM FRAMLEIÐSLUVÖRUM TIL EVRÓPUBANDALAGSINS

1. Útgáfuaðili eða -yfirvald (heiti og heimilisfang)	2. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007, 2. mgr. 33. gr. □ eða 3. mgr. 33. gr. □ eða reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008, 19. gr. □	
3. Raðnúmer skoðunarvottorðs	4. Tilvísunarnúmer leyfis skv. 19. gr.	
5. Útflytjandi (nafn og heimilisfang)	6. Eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald (heiti og heimilisfang)	
7. Framleiðandi eða vinnlustöð vöru (heiti og heimilisfang)	8. Sendingarland	
	9. Viðtökuland	
10. Fyrsti viðtakandi í Bandalaginu (nafn og heimilisfang)	11. Nafn og heimilisfang innflytjanda	
12. Merki og númer. Gámanúmer. Fjöldi og tegund. Viðskiptaheiti vöru	13. SN-númer	14. Uppgefið magn
<p>15. Yfirlýsing aðila eða yfirvalds sem gefur út vottorðið sem um getur í reit 1.</p> <p>Það vottast hér með að vottorð þetta er gefið út á grundvelli tilskilins eftirlits skv. 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008 og að framangreindar vörur eru framleiddar eftir reglum um framleiðslu og eftirlit með lífrænum framleiðsluaðferðum er teljast jafngilda ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 834/2007.</p> <p>Dagsetning</p> <p>Nafn og undirritun þar til bærst einstaklings</p> <p>Stimpill útgáfuyfirvalds eða -aðila</p>		

16. Yfirlýsing lögbærs yfirvalds aðildarríkis að Evrópusambandinu, sem veitti leyfið, eða aðila sem yfirvaldið tilnefnir.

Það vottast hér með að heimilt er að markaðssetja framangreindar vörur í Evrópubandalaginu í samræmi við málsmeðferðina í 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008 samkvæmt því leyfisnúmeri sem er tilgreint í reit 4.

Dagsetning

Nafn og undirritun þar til bærs einstaklings

Stimpill lögbærs yfirvalds eða tilnefnds aðila í aðildarríki

17. Sannprófun viðkomandi yfirvalda aðildarríkis á vörusendingu.

Aðildarríki:

Innflutningsskráning (tegund, númer og dagsetning tollskýrslu og skrifstofan þar sem hún er gefin):

Dagsetning:

Nafn og undirritun þar til bærs einstaklings

Stimpill

18. Yfirlýsing fyrsta viðtakanda.

Það vottast hér með að tekið var við vörunum í samræmi við ákvæði 34. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008.

Heiti fyrirtækisins

Dagsetning

Nafn og undirritun þar til bærs einstaklings

Athugasemdir

- Reitur 1: Yfirvald eða aðili eða annað tilnefnt yfirvald eða aðili sem um getur í 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008. Þessi aðili fyllir einnig út reiti 3 og 15.
- Reitur 2: Í þessum reit eru tilgreindar þær EB-reglugerðir sem varða útgáfu og notkun þessa vottorðs. Tilgreina skal viðkomandi ákvæði.
- Reitur 3: Raðnúmer vottorðs sem útgáfuaðili eða -yfirvald úthlutar í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008.
- Reitur 4: Leyfisnúmer við innflutning, skv. 19. gr. Útgáfuaðilinn fyllir út þennan reit, eða innflytjandinn ef upplýsingar liggja ekki fyrir þegar útgáfuaðilinn áritar reit 15.
- Reitur 5: Nafn og heimilisfang útflytjanda.
- Reitur 6: Eftirlitsaðili eða -yfirvald sem hefur eftirlit með því að síðasta aðgerð (framleiðsla, undirbúningur, þ.m.t. pökkun og merkingar) hafi verið í samræmi við reglur um lífrænar framleiðsluaðferðir í þriðja sendingarlandi.
- Reitur 7: Rekstraraðili sem sá um síðustu aðgerð (framleiðslu, vinnslu, þ.m.t. pökkun og merkingu) á vörusendingunni í því þriðja landi sem er tilgreint í reit 8.
- Reitur 9: Með ákvörðunarlandi er átt við land fyrsta viðtakanda í Bandalaginu.
- Reitur 10: Nafn og heimilisfang fyrsta viðtakanda vörusendingarinnar í Bandalaginu. Fyrsti viðtakandi er sá einstaklingur eða lögaðili sem fær vörusendinguna afhenta og tekur hana til frekari vinnslu og/eða markaðssetningar. Fyrsti viðtakandi skal einnig fylla út reit 18.
- Reitur 11: Nafn og heimilisfang innflytjanda. Innflytjandi er sá einstaklingur eða lögaðili innan Evrópubandalagsins sem annaðhvort sjálfur eða í gegnum fulltrúa sinn leggur vörusendingu fram til afgreiðslu í frjálst flæði í Evrópubandalaginu.
- Reitur 13: Númer viðkomandi vara samkvæmt sameinuðu nafnaskránni.
- Reitur 14: Uppgefið magn, tilgreint í viðeigandi einingum (nettóþyngd í kg, lítrum o.s.frv.).
- Reitur 15: Yfirlýsing aðila eða yfirvalds sem gefur út skoðunartvöttoðið. Undirskrift og stimpill skulu vera í öðrum lit en prentaði textinn.
- Reitur 16: Aðeins vegna innflutnings samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008. Þennan reit fyllir út lögbært yfirvald í aðildarríkinu, sem veitti leyfið, eða aðili eða yfirvald, sem hefur það hefur verið falið, hafi umboð verið veitt í samræmi við b-lið 7. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008. Ekki skal fylla út reitinn ef undanþágan, sem um getur í c-lið 7. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008, á við.
- Reitur 17: Fyllist út hjá viðkomandi yfirvaldi aðildarríkis, annaðhvort við sannpröfun vörusendingar í samræmi við 1. mgr. 13. gr. eða áður en undirbúningur eða skipting fer fram við þær aðstæður sem um getur í 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008.
- Reitur 18: Fyllist út hjá fyrsta viðtakanda þegar hann hefur tekið við vörunum og sinnt því eftirliti sem kveðið er á um í 34. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008.

*VI. VIÐAUKI***FYRIRMYND AÐ ÚTDRÆTTI ÚR SKOÐUNARVOTTORÐI****sem um getur í 14. gr.**

Fyrirmyndin að útdrættinum er ákvörðuð með tilliti til:

- texta,
- sniðs,
- útlits og stærðar einstakra reita.

ÚTDRÁTTUR Nr. ... ÚR SKOÐUNARVOTTORÐI VEGNA INNFLUTNINGS Á LÍFRÆNUM FRAMLEIÐSLUVÖRUM TIL EVRÓPUBANDALAGSINS

1. Aðili eða yfirvald sem gefur út skoðunarvottorð sem liggur til grundvallar (heiti og heimilisfang)	2. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007, 2. mgr. 33. gr. <input type="checkbox"/> eða 3. mgr. 33. gr. <input type="checkbox"/> eða reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008, 19. gr. <input type="checkbox"/>	
3. Raðnúmer skoðunarvottorðs sem liggur til grundvallar	4. Tilvísunarnúmer leyfis skv. 19. gr.	
5. Rekstraraðili sem skipti upprunalegu vörusendingunni í framleiðslulotu (nafn og heimilisfang)	6. Eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald (heiti og heimilisfang)	
7. Nafn og heimilisfang innflytjanda upprunalegu vörusendingarinnar	8. Sendingarland upprunalegu vörusendingarinnar	9. Uppgefið heildarmagn upprunalegu vörusendingarinnar
10. Viðtakandi framleiðslulotu sem verður til við skiptingu (nafn og heimilisfang)		
11. Merki og númer. Gámanúmer. Fjöldi og tegund. Viðskiptaheiti framleiðslulotu	12. SN-númer	13. Uppgefið magn framleiðslulotunnar
<p>14. Yfirlýsing viðkomandi yfirvalds aðildarríkis sem áritar útdráttinn úr vottorðinu.</p> <p>Þessi útdráttur á við um framangreinda framleiðslulotu sem verður til við skiptingu vörusendingar sem fellur undir upprunalegt skoðunarvottorð með raðnúmeri sem tilgreint er í reit 3:</p> <p>Aðildarríki:</p> <p>Dagsetning:</p> <p>Nafn og undirritun þar til bærs einstaklings Stimpill</p>		
<p>15. Yfirlýsing viðtakanda framleiðslulotunnar</p> <p>Það vottast hér með að tekið var við framleiðslulotunni í samræmi við 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008.</p> <p>Heiti fyrirtækisins</p> <p>Dagsetning:</p> <p>Nafn og undirritun þar til bærs einstaklings</p>		

Athugasemdir

- Útdráttur nr. ...: Númer útdráttarins svarar til númers framleiðslulotu sem verður til við skiptingu á upprunalegu vörusendingunni.
- Reitur 1: Heiti stofnunar eða yfirvalds í þriðja landi sem gaf út skoðunarvottorðið sem liggur til grundvallar.
- Reitur 2: Í þessum reit eru tilgreindar þær EB-reglugerðir sem varða útgáfu þessa útdráttar. Tilgreina skal viðkomandi ákvæði sem varða innflutningsfyrirkomulag vörusendingar, sjá reit 2 á skoðunarvottorðinu sem liggur til grundvallar.
- Reitur 3: Raðnúmer vottorðs, sem liggur til grundvallar, sem útgáfustofnun eða -yfirvald úthlutar í samræmi við 4 mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008.
- Reitur 4: Tilvísunarnúmer leyfis sem er veitt skv. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008, sjá reit 4 á skoðunarvottorðinu sem liggur til grundvallar.
- Reitur 6: Eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald sem hefur eftirlit með þeim rekstraraðila sem skipti vörusendingunni.
- Reitur 7, 8, 9: Sjá viðeigandi upplýsingar á skoðunarvottorðinu sem liggur til grundvallar.
- Reitur 10: Viðtakandi framleiðslulotu (sem verður til við skiptingu) í Evrópubandalaginu.
- Reitur 12: Númer framleiðslulotu viðkomandi vara samkvæmt sameinuðu nafnaskránni.
- Reitur 13: Uppgefið magn, tilgreint í viðeigandi einingum (nettóþyngd í kg, lítrum o.s.frv.).
- Reitur 14: Fyllist út hjá viðkomandi yfirvaldi aðildarríkis fyrir hverja framleiðslulotu sem verður til við skiptinguna sem um getur í 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008.
- Reitur 15: Fyllist út þegar tekið er við framleiðslulotunni og viðtakandi hefur sinnt því eftirliti sem kveðið er á um í 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008.

VII. VIÐAUKI

Samsvörunartafla sem um getur í 20. gr.

Reglugerð (EB) nr. 345/2008	Reglugerð (EB) nr. 605/2008	Þessi reglugerð
—	1. mgr. 1. gr.	1. gr.
—	2. mgr. 1. gr.	—
—	Inngangsorð og 1. mgr. 2. gr.	Inngangsorð og 1. mgr. 2. gr.
—	—	2. liður 2. gr.
—	2. liður 2. gr.	3. liður 2. gr.
—	3. liður 2. gr.	4. liður 2. gr.
—	4. liður 2. gr.	—
—	5. liður 2. gr.	5. liður 2. gr.
—	—	3. gr.
—	—	4. gr.
—	—	5. gr.
—	—	6. gr.
1. gr.	—	7. gr.
1. mgr. 2. gr.	—	1. mgr. 8. gr.
2. mgr. 2. gr.	—	2. mgr. 8. gr.
3. mgr. 2. gr.	—	3. mgr. 8. gr.
4. mgr. 2. gr.	—	3. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr.
—	—	4. mgr. 8. gr.
5. mgr. 2. gr.	—	1. mgr. 9. gr.
6. mgr. 2. gr.	—	3. mgr. 9. gr. og 4. mgr. 9. gr.
—	—	10. gr.
—	—	11. gr.
—	—	12. gr.
—	3. og 4. gr.	13. gr.
—	5. gr.	14. gr.
—	6. gr.	15. gr.
—	—	16. gr.
—	—	17. gr.
—	1. mgr. 7. gr.	—
—	2. mgr. 7. gr.	—
—	—	18. gr.
—	—	19. gr.
3. gr.	8. gr.	20. gr.

Reglugerð (EB) nr. 345/2008	Reglugerð (EB) nr. 605/2008	Þessi reglugerð
4. gr.	9. gr.	21. gr.
II. viðauki	—	—
—	—	I. viðauki
—	—	II. viðauki
I. viðauki	—	III. viðauki
—	—	IV. viðauki
—	I. viðauki	V. viðauki
—	II. viðauki	VI. viðauki
III. viðauki	IV. viðauki	VII. viðauki